Fjármálavit

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 1

Að greiða niður skuldir



Aldur: 19 ára

Nafn: _____

Er í hlutastarfi með skóla – laun eftir skatt (á mánuði)	**140.000 kr.**
FASTUR KOSTNAÐUR Á MÁNUÐI	
Matur og skemmtun	**40.000 kr.**
Skyldutrygging á bíl	**20.000 kr.**
Bensín	**25.000 kr.**
Áskrift í ræktina	**8.000 kr.**
Eftirstöðvar	**+ 47.000 kr.**
Afborgun skyndilána	**59.600 kr.**
Eftirstöðvar	**– 12.600 kr.**

Einstaklingurinn þinn er í námi og tekur nokkrar vinnuvaktir í mánuði. Hann býr hjá foreldrum sínum og á gamla bíldruslu sem hann gæti selt fyrir mest 150.000 – 200.000 kr. Honum finnst gaman að skemmta sér með vinum sínum og hann á það til að eyða meiru en hann í raun hefur efni á.

Hann varð 18 ára fyrir ári síðan og þar með fjárráða, sem þýðir að þá getur hann tekið lán. Hann vill hafa það gott og þarf því að eiga fyrir ýmsu. En það er dýrt að lifa og því hefur hann tekið nokkur skyndilán til að geta gert það sem hann vill, enda segir hann þetta bara smáupphæðir sem ættu að vera lítið mál að greiða til baka þegar hann eignast meiri pening síðar. Það sem hann áttar sig hins vegar ekki á er að það er dýrt að taka lán og þegar borgað er til baka þá fylgir því töluverður kostnaður. Hann er því kominn í þá stöðu að vera í mínus um hver mánaðarmót og þarf að taka fleiri skyndilán til að ná endum saman. Nú vill hann hætta þessari vitleysu og greiða niður skuldina að fullu svo hann geti byrjað að spara.

Fjármálavit

SPURNINGAR · PERSÓNA 1

Að greiða niður skuldir



Nafn: _____

Hann þarf þína hjálp með að skoða hvernig hann getur greitt niður skuldir.

1 Hverju getur einstaklingurinn þinn breytt í eyðslu sinni til að lækka mánaðarlegan kostnað og hvað tekur það hann langan tíma (mánuði/ár) að vera ekki lengur í mínus um mánaðarmót?

2 Hjálpaðu honum að byrja að spara. Ef hann hefði ekki byrjað að taka lán fyrir ári síðan, heldur hefði byrjað að spara í hverjum mánuði, hvað hefði hann getað lagt mikið til hliðar í sparnaðinn á mánuði og hvað ætti hann mikið eftir árið?

Skoðaðu vextina á sparnaðarreikningum hjá bankanum þínum.

Fjármálavit

VINNUBLAÐ · PERSÓNA 2

Að greiða niður skuldir



Aldur: 19 ára

Nafn: _____

Er í hlutastarfi – laun eftir skatt (á mánuði)	**120.000 kr.**
FASTUR KOSTNAÐUR Á MÁNUÐI	
Matur og skemmtun	**40.000 kr.**
Badminton	**7.000 kr.**
Ræktarkort	**8.000 kr.**
Fatnaður og annað	**25.000 kr.**
Eftirstöðvar	**+ 40.000 kr.**
Afborgun skyndilána	**51.000 kr.**
Eftirstöðvar	**– 11.000 kr.**

Persónan þín er í námi og býr hjá foreldrum sínum og æfir badminton af kappi. Henni finnst mjög gaman að kaupa föt og bækur. Hún á það til að splæsa á vini sína þegar þeir eru blankir og því er hún fljót að eyða peningunum sínum.

Hún varð 18 ára fyrir um ári síðan og þar með fjárráða, sem þýðir að hún getur tekið lán. Hún hefur á undanförnu ári tekið nokkur skyndilán til að redda málum þegar hún er blönk, enda segir hún þetta smáupphæðir sem ættu að vera lítið mál að greiða til baka. Það sem hún áttar sig hins vegar ekki á er að það er dýrt að taka lán og þegar borgað er til baka þá fylgir því töluverður kostnaður. Hún er því komin í þá stöðu að vera í mínus um mánaðarmót og þyrfti að taka fleiri skyndilán til að ná endum saman. Nú vill hún hætta þessari vitleysu og greiða niður skuldina að fullu og byrja að spara.

Fjármálavit

SPURNINGAR · PERSÓNA 2

Að greiða niður skuldir



Nafn: _____

Hún þarf þína hjálp með að skoða hvernig hún getur greitt niður skuldir.

1 Hverju getur persónan þín breytt í eyðslu sinni til að lækka mánaðarlegan kostnað og hvað tekur það hana langan tíma (mánuði/ár) að vera ekki lengur í mínus um mánaðarmót?

2 Hjálpaðu henni að byrja að spara. Ef hún hefði ekki byrjað að taka lán fyrir ári síðan, heldur hefði byrjað að spara í hverjum mánuði, hvað hefði hún getað lagt mikið til hliðar í sparnaðinn á mánuði og hvað ætti hún mikið eftir árið?

Skoðaðu vextina á sparnaðarreikningum hjá bankanum þínum.